MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn



MANNLÍF UM LANDIÐ

Á Akureyri

...með Patreki Jaime og Binna Glee

Bæjarstjóri Akureyrar

„Alltaf gott veður á Akureyri"



„Það var yndislegt að alast upp í fögru umhverfi Snæfellsness og frjálsræðið mikið í því notalega bæjarfélagi sem Stykkishólmur er," segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, aðspurð um æskuár sín í Stykkishólmi. Ásthildur er þaulreynd sem bæjarstjóri eftir að hafa um árabil starfað sem slíkur í Vesturbyggð. Við spyrjum hvernig henni hafi verið tekið á Akureyri sem bæjarstjóra að vestan?

Einarður talsmaður sameiningar

„Mér hefur verið tekið ljómandi vel og er þakklát fyrir það. Hér býr opið og skemmtilegt fólk sem tekur öllum opnum örmum. Og þar fyrir utan nýt ég auðvitað góðs af því að starfa í umboði frábærrar bæjarstjórnar".

Er ólíkt að vera bæjarstjóri á Akureyri og í Vesturbyggð?

„Það er mjög mikill munur á því að vera bæjarstjóri í Vesturbyggð og á Akureyri. Stjórnsýslan er auðvitað öll minni í litlu samfélagi en þar eru boðleiðirnar styttri og hlutir geta gerst hraðar. Stærri stjórnsýslueiningar eru hins vegar skynsamlegri og fela í sér umtalsvert hagræði og sparnað á skattpeningum. Ég er því mikill og einarður talsmaður sameiningar sveitarfélaga".

Börnin helsta áhugamálið

Hvernig eru fjölskylduhagir þínir og hver eru helstu sameiginlegu áhugamál fjölskyldunnar?

„Ég er gift Hafþóri Jónssyni skipstjóra og útgerðarmanni. Við eigum saman eina dóttur sem er fjögurra ára og stjúpsonur minn er nítján. Við erum öll mjög náin og finnst gott að verja sem mestum tíma saman. Við ferðumst, skíðum, veiðum og förum á sjó".

En hver eru helstu áhugamál þín?

„Ég stunda skíði og fluguveiði. Svo hef ég mjög gaman af

handavinnu og að vera í garðinum og elda mat. Annars eru börnin mín tvö helsta áhugamálið“.

Nærðu að kúpla þig frá starfinu þegar þú átt frí, og ef svo er, þá hvernig?

„Það er nánast ógerlegt að kúpla sig frá bæjarstjóranum. Það er helst að mér takist það með því að gleyma mér við að róta í mold í garðinum eða leggja flugu fyrir fisk einhvers staðar úti í óspilltri náttúrunni, allra helst fyrir vestan“.

Alltaf gott veður á Akureyri

Munurinn í hnotskurn á Akureyri og Vestfjörðum – menning, staðarhættir og stjórnsýsla?

„Þetta eru tveir ólíkir heimar. Það er ákveðin heiðríkja yfir Eyjafirði en landslagið er hins vegar dramatískara fyrir vestan og veðurfarið allt annað. Og svo er auðvitað alltaf gott veður á Akureyri. Það er erfitt að búa við einangrun og erfiðar samgöngur eins og fyrir vestan en það er mjög lærdómsríkt. Á Akureyri er meira um að vera; leikhús, tónleikar og frábær þjónusta á öllum sviðum. Ég er Snæfellingur en maðurinn minn er Vestfirðingur og ég bjó á Patreksfirði í átta ár. Ég hef mjög sterkar taugar vestur og mér þykir óskaplega vænt um vestrið. Við fjölskyldan verjum venjulega sumarleyfi okkar á Patreksfirði“.

Blómlegur staður að búa á

Hefur Akureyri margt umfram aðra bæi á Íslandi? Ef svo er, þá hvað?

„Það tæki of langan tíma að telja það allt upp. Sumir segja að allt sé best á Akureyri og að hér sé alltaf gott veður. Kostirnir sem ég man eftir í augnablikinu eru fólkið, veðrið, fegurð fjarðarins, stuttar vegalengdir, frábær þjónusta, blómleg menningin, góð aðstaða til íþróttaiðkunar og barnvænt umhverfi“.

Myndirðu segja að Akureyringar væru öðruvísi en annað fólk á Íslandi? Eru þeir með ákveðin sérkenni?

„Þeir eru ósköp líkir Hólmurum. Mér finnst ég vera heima hjá mér. Við erum blátt áfram og víðsýn en á sama tíma íhaldssöm og vanaföst“.

Vilji er allt sem þarf

Framtíð Akureyrar, verður Akureyri borg og hvernig breytir maður bæ í borg?

„Akureyri er lítil borg með risastórt hjarta. Bæir þróast í að verða borgir en þá er líka mikilvægt að ríkið feli þeim ákveðinn hluta opinberrar stjórnsýslu, ákveðið hlutverk, leggi til fjármagn og horfi með velþóknun til uppbyggingar víðar en á höfuðborgarsvæðinu. Akureyringar vilja axla þá ábyrgð og sinna vel því hlutverki sem felst í að vera hin borgin á Íslandi. Þetta er eins og svo oft áður allt spurning um vilja – vilji er allt sem þarf“.

Innihaldsríkt líf

Telur þú að fólksfjölgun muni verða mikil á Akureyri á næstu árum og ef svo er, hverjar eru helstu forsendurnar fyrir því?

„Já, án efa. Helstu forsendurnar eru nægt framboð lóða og blómlegt atvinnulíf. Fólk vill búa á Akureyri. Hér líður því vel. Ég hef varla tölu á öllu því fólki sem hefur sagt mér að það langi að flytja til Akureyrar. Það myndi einnig flýta mjög fyrir uppbyggingunni hér og stækkun bæjarins ef sveitarfélög við fjörðinn væru sameinuð og ef ríkið myndi skilgreina og staðfesta borgarhlutverk Akureyrar í samráði við fólkið sem hér býr“.

Hvað hefur Akureyri upp á að bjóða fyrir fólk sem er að skoða þann valkost að flytjast þangað?

„Framúrskarandi þjónustu við fjölskyldufólk. Frábært veðurfar. Innihaldsríkt líf í friðsælu umhverfi. Blómlegt íþróttastarf, öflugt menningarlíf, trausta heilbrigðisþjónustu, nefndu það!“.

Ekki leitt hugann að þingi

Þú hefur verið virk í bæjarstjórnarmálum. Stefnirðu á þing í framtíðinni?

„Ég hef varla leitt hugann að því, sannast sagna. Áhuginn hefur því a.m.k. ekki enn vaknað“.

Hverjar eru helstu fyrirmyndir þínar í lífinu?

Foreldrar mínir og systkini, maðurinn minn, Edda og Magnús Gústafsson sem ég bjó hjá á námsárum mínum í Bandríkjunum. Og svo auðvitað Vigdís Finnbogadóttir“.

Skemmtilegasta lífsreynslan?

„Að róa frá Hesteyri að Hlöðuvík á Hornströndum á kajak. Það var magnað“.

Stærsta stund lífsins?

„Að eignast dóttur mína“.
Sárasta lífsreynslan?

„Að missa fólk sem mér er kært“.

Mestu vonbrigðin?

„Að eiga ekki fleiri yndisleg börn til viðbótar við dóttur mína og stjúpson“.

Akureyrarkirkja

Eitt af þekktustu kennileitum Akureyrar



Ein þekktasta og jafnframt ein sú fallegasta kirkja landsins er Akureyrarkirkja; klárlega eitt af þekktustu kennileitum Akureyrar. Kirkjan var vígð í upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar, árið 1940. Það var enginn annar en Guðjón Samúelsson, þáverandi húsameistari ríkisins, sem hannaði þessa gullfallegu kirkju. Verk húsameistarans Guðjóns má finna víða á Ísland, en hönnun Akureyrarkirkju er eitt af bestu og mestu listaverkum sem eftir hann liggja, og er þá mikið sagt.

Kirkjan stendur á áberandi góðum og fallegum útsýnisstað, og eitt er víst að útsýnið yfir fallega bæinn Akureyri og nágrenni er eitthvað sem allir kunna að meta.

Það er skemmtilegt að heimsækja kirkjuna – ekki bara vegna útsýnisins – því það eitt sér að skoða bygginguna sjálfa að utan og innan er nánast eins og að fara á glæsilega listsýningu; þar sem falleg hönnun fer saman við frábæra staðsetningu, og þá er umhverfið í kringum kirkjuna afar fallegt og gleður og endurnærir líkama og sál.

Það má geta þess að Í Akureyrarkirkju er meðal annars að finna mjög sérstakan glugga; lengi vel var talið að hann hafi upphaflega verið í dómkirkjunni í Coventry í Englandi. Seinni tíma rannsóknir hafa þó leitt í ljós að það sé líklegra að glugginn sérstaki sé úr kirkju í höfuðborg Englands – en það breytir litlu varðandi þennan glugga sem gaman er að skoða gaumgæfilega.

Og það hafa fleiri listamenn en Guðjón Samúelsson komið að því vel heppnaða listaverki sem Akureyrarkirkja óneitanlega er að utan og innan.

Til dæmis má sjá á svölum kirkjuskipsins lágmyndir eftir Ásmund Sveinsson – sem var einn af frumkvöðlum íslenskrar höggmyndalistar; var listamaður á heimsmælikvarða.

Þriðji listamaðurinn sem nefndur er hér í tengslum við Akureyrarkirkju er Bertel Thorvaldsen - sem var dansk-íslenskur myndhöggvari – en skírnarfontur kirkjunnar er gerður eftir fyrirmynd hans.

Það eru margar fallegar kirkjur á Íslandi öllu sem gaman er að skoða og það á svo sannarlega við um Akureyrarkirkju; kirkjan er ekki bara eitt af kennileitum Akureyrar og Íslands alls, heldur einfaldlega ein fallegasta, tignarlegasta og glæsilegasta kirkja landsins, og er í raun og veru eitt stórt listaverk sem svo sannarlega er þess virði að skoða, upplifa og njóta.

Akureyrarkirkja er opin sem hér segir: 2. júní – 28. Ágúst frá klukkan 10-16.
Þó skal bent á að kirkjan er nánast undantekningarlaust lokuð þegar athafnir fara fram í henni eins og skiljanlegt er; skal athygli vakin á því að kirkjan er lokuð þegar útfarir eða aðrar athafnir fara fram og er það að sjálfsögðu auglýst sérstaklega á kirkjudyrunum.

Fyrir áhugasama er hægt að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu kirkjunnar akureyrarkirkja.is, Hægt er að hafa samband í síma 462-7700 eða á netfangið akirkja@akirkja.is. Og ekki má gleyma „Eyjakirkjunum" svokölluðu; Grímseyjarkirkju og Hriseyjarkirkju, en allar þessar kirkjur eru svo sannarlega þess verðar að skoða í krók og kima ásamt stóra áðurnefnda bróður – Akureyrarkirkju.

Hjólreiðafélag Akureyrar

Stofnað 2. maí 2012



Á Akureyri ríkir mikil og sterk hjólreiðamenning, þökk sé Hjólreiðafélagi Akureyrar (HFA), en félagið heldur utan um mót, keppnir, námskeið, æfingar og stuðlar að uppbyggingu og viðhaldi hjólaleiða á Akureyri. Hjólreiðafélagið hefur það að markmiði að almenningur geti notið náttúrunnar á reiðhjólum án þess að fallega íslenska náttúran spillist, og er það vel.

Fyrir ellefu árum, nánar tiltekið, 2. maí árið 2012, var Hjólreiðafélag Akureyrar stofnað í þeim tilgangi að efla hjólreiðar á Akureyri og í frábærlega fallegu nágrenni bæjarins. Einnig kynnir Hjólreiðafélag Akureyrar fyrir áhugasömum hjólreiðar sem jákvæða hreyfingu og glæða áhuga almennings á gildi þeirra. Þá stendur félagið fyrir góðri og öflugri fræðslu og forvörnum er snúa að bættum hjólreiðasamgöngum á Akureyri og í nærsveitum.

Markmiðið með stofnun Hjólreiðafélags Akureyrar var og er að efla hjólreiðar almennt; halda mót og keppnir; halda úti æfingum og stuðla að uppbyggingu hjólaleiða í bæjarlandi Akureyrar, sem og að gefa almenningi betri kost á að kynnast og njóta náttúru þess þegar ferðast er um á reiðhjólum.

Vel er staðið að öllu hjá Hjólreiðafélagi Akureyrar, enda er eitt af markmiðum þess að auðvelda almenningi aðgengi að hjólaleiðum í bæjarlandinu gullfallega, eftir því sem unnt er án þess að glæsileg náttúran fyrir verði fyrir skaða. Félagið veitir einnig góða fræðslu um slóða, svæði, leiðir, sögu og mannlíf svæðisins.

Hjólreiðafélagi Akureyrar var tekið opnum örmum strax frá stofnun þess og hefur starfsemin farið vaxandi með ári hverju; segja má að í kjölfar stofnunar félagsins hafi orðið vitundarvakning hvað varðar hjólreiðamenningu á Akureyri og í nágrenni bæjarins.

Nefna má að skráning í Hjólreiðafélagið fer í gegnum Nóra-kerfið og til að skrá sig í félagið eða endurnýja árgjald þarf að fara á þessa slóð hér: iba.felog.is. Þar þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum og skal ýta á hnappinn „Skráning í boði." Þá birtist listi yfir öll þau námskeið sem í boði eru á vegum félagsins. Þess má geta að félagsskírteini eru rafræn og verða send á félagsmenn í tölvupósti á það netfang sem skráð er í Nóra.

Þetta frábæra félag á Akureyri hefur gert góða hluti núna í tæpan áratug og starfsemin er alltaf að eflast og dafna; hvetur Mannlíf alla til að hafa samband við félagið eigi það leið um hina stórkostlegu náttúruparadís sem Akureyri er sem og nærsveitir bæjarins. Það er ekki ónýtt að ferðast um svæðið á hjólreiðafáki fráum fram um veg, mót fjallahlíðum háum þar sem golan kyssir kinn.





Sandgaard Basic Hlýrabolur
með mjóum hlýra. Fæst í svörtu og hvítu. Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980



Sandgaard Basic Undirkjóll
Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980



Sandgaard Basic Undirkjóll
með breiðum hlýra
Fæst í svörtu og hvítu. Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980



Sandgaard Basic - Stockholm,
síð skyrta. Fæst í svörtu, hvítu og ljósbláu. Stærðir 36-54
Verð kr. 12.980



Sandgaard Basic Síður hlýrabolur
Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 36-54
Verð kr. 4.980

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZEZE Nordic | OPHILIA



Sandgaard Basic - New York
stuttur aðhalds hlýrabolur
Fæst í Svörtu og húðlituðu
Stærðir 38-56. **Verð kr. 4.980**



Sandgaard Basic Hneppt golla
Fæst í svörtu, navyblátt og rauðu
Stærðir 36-54
Verð kr. 9.980



Sandgaard Basic - Helsinki
síð golla fæst í svörtu
Stærðir 36-54
Verð kr. 13.980



Sandgaard Basic hálfsíðar leggings
Fæst í Army grænu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980



Sandgaard Basic stretchbuxur
Fæst í Svörtu og navyblátt
Stærðir 38-54
Verð kr. 7.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | tamaris | Handberg | Jana



Sandgaard Basic - New York leggings
Fæst í svörtu
Stærðir 38-56
Verð kr. 6.980



Sandgaard Basic - Pleðurbuxur
Fæst í svörtu
Stærðir 38-56
Verð kr. 9.980



Sandgaard Basic
Útvíðar buxur Fæst í svörtu
Stærðir 38-54
Verð kr. 9.980



Sandgaard Basic Stuttermabolur
Fæst í svörtu, navyblátt, hvítu og Army grænu
Stærðir 36-54. **Verð kr. 3.980**



Sandgaard Basic Hlýrabolur
með mjóum hlýra Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Kjarnaskógur

Strandblak, hjólaleiðir og rómantískt rjóður



Það er ekki bara vor í Vaglaskógi, sem er í nágrenni Akureyrar, því það er líka vor og sumar í Kjarnaskógi. Þar má meðal annars er finna fjóra mjög flotta strandblaksvelli; á staðnum eru borð og trébekkir og rennandi vatn til að skola fætur og skrokk eftir blakið.



Blakdeild KA verður með skemmtilegar strandblaksæfingar fyrir U12 og U14/U16 ára hópa í júlí og ágúst, en óhætt er að segja að strandblaksæfingarnar hafi slegið í gegn á undanförnum árum og ætti enginn að láta þetta framtak fram hjá sér fara.

Æfingarnar hófust mánudaginn 5. júlí og það er Valdís Kapitola sem stýrir æfingunum, en Valdís er leikmaður meistaraflokks kvenna og mun fá fleiri leikmenn liðsins til að koma og leiðbeina krökkunum í sandinum.

Allar æfingarnar fara fram á strandblaksvöllunum í Kjarnaskógi og eru æfingatímarnir eftirfarandi: U12 æfir klukkan 13:00 á mánudögum og miðvikudögum og U14 og U16 æfir klukkan 16:30 á mánudögum og miðvikudögum.
Æfingagjöld fyrir júlí og ágúst eru aðeins 10.000 krónur og vonast bæði blakdeild KA og Mannlíf að sjá sem flesta, enda er strandblak engu líkt; skemmtilegt og frískandi og gott fyrir líkama og sál.

Kjarnaskógur hefur einnig upp á að bjóða allskyns útivistarafþreyingu, en í skóginum er að finna ótal fallegar gönguleiðir; hjólaleiðir sem eru ekki síður fallegar og hoppubelg og margt fleira.

Mannlíf hvetur alla til að gera sér ferð í Kjarnaskóg, en hann er eitt vinsælasta útivistarsvæði Akureyringa, og telur um 800 hektara að stærð.

Við upphaf skógræktar á svæðinu í kringum 1950 var landið skóglaust með öllu. Frá þeim tíma hefur aldeilis orðið breyting á – en nú hefur verið plantað um 1.5 milljónum plantna og er þar mikil gróðursæld og gott skjól.

Trjágróður í Kjarnaskógi er afar fjölbreyttur og trjásýnistígur liggur um hjarta skógarins meðfram Brunná. Þeir sem leggja leið sína um Kjarnaskóg Í geta meðal annars fundið þrjú leiksvæði með fjölda leiktækja; blakvelli og trimmtæki; yfirbyggðar grillaðstöður sem henta jafnt einstaklingum sem hópum og svo stærsta skipulagða gönguskíðasvæði landsins í skóglendi - með allt að 20 kílómetra troðnum brautum, en þar af eru 6 kílómetrar upplýstir.

Sérhannaða fjallahjólabraut er að finna í Kjarnaskógi sem er með tengingu við fjallahjólabrautina í Hlíðarfjalli - sem samanlagt gerir 21.6 kílómetra - og þar með lengstu fjallahjólabraut landsins.

Þetta gullfallega og dásamlega svæði er í eigu Akureyrarbæjar, en í umsjá Skógræktarfélags Eyfirðinga. Allar upplýsingar má nálgast í síma 462-4047 og á netfanginu ingi@kjarnaskogur.is. Þá hvetur Mannlíf áhugasama um þetta yndislega útivistarsvæði að kíkja á heimasíðuna www.skog.is/skograektarfelag-eyfirdinga/





Heitir og kaldir pottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!



Sigurlaug 124.500 kr. | Gvendarlaug 177.000 kr. | Grettislaug 239.000 kr. | Geirslaug 257.000 kr. | Unnarlaug 285.000 kr. | Snorralaug 278.000 kr.



"Hengirúmin" vinsælu komin aftur!
Fjórir litir í boði. 3.900 kr.-

NORMX

Íslensk framleiðsla í 39 ár!

OPIÐ 10-14 Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR!

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími:565-8899 normx@normx.is



Bleika sæta kaffihúsið á Akureyri

„Þeim fannst þetta fáránleg hugmynd"

Þær eru þrjár mæðgurnar sem reka saman bleika, krúttlega kaffihúsið við Ráðhústorg í miðbæ Akureyrar. Helena Guðmundsdóttir er móðirin og sögð brauð- og rjómatertusérfræðingur, Karolína Helenudóttir, stóra systir, uppskriftasérfræðingur og kökulistamaður og svo er það litla systirin, Þórunn Jóna Héðinsdóttir, kökulistamaður og kaffibarista.

Kaffihúsið fer varla framhjá neinum sem á leið um miðbæinn, þar sem bleiku gluggarnir kalla á mann og bókstaflega draga mann nær.
Það verður heldur enginn svikinn sem þangað stígur fæti inn, allt bleikt, ó svo fallegt og hlýlegt.

Og þá á eftir að ræða allar veitingarnar. Óhætt er að vara við að valkvíði mun sennilega grípa þá sem fara í kaffi, já eða búbblur á Sykurverk, slíkt er úrvalið og eru veitingarnar hver annari girnilegri. En á kaffihúsinu er á hverjum degi að finna mikið úrval af girnilegum kökum, makkarónum, brauðtertum, beikonumslög, marengs sleikjóar og svona mætti lengi telja.

En hver var kveikjan að kaffihúsinu?
„Við mæðgur höfum alla tíð brallað mikið saman í eldhúsinu, hvort sem það er að baka pizzu í kvöldmat, kanilsnúða með kaffinu eða jafnvel búa til fermingartertur fyrir fjölskylduna," segir Karolína og heldur áfram. „Við höfum alltaf unnið mjög vel saman og áttum okkur allar hver sitt hlutverk." Helena, móðirin, bakaði kökur og setti saman, Þórunn er snillingur að setja sykurmassa yfir kökur og hún sjálf sá um skreytingarnar.
„Nú þegar við erum búnar að vinna saman í þetta langan tíma þá höfum við kennt hvor annari verkefni hvors annars og vinnum vel saman."

Fannst þetta fáránleg hugmynd
Það var hugmynd Karolínu að stofna kaffihús en hún segir það alltaf hafa verið draumur móður sinnar. „Mömmu langaði alltaf að opna kaffihús en þeim fannst þetta samt fáránleg hugmynd hjá mér fyrst," segir hún og skellir upp úr. „En hingað erum við svo komnar," segir hún glöð í bragði.
Þá segir hún að sjálf hafi hún fyrir alvöru byrjað að æfa sig í kökuskreytingum árið 2016 þegar hún átti von á sínu fyrsta barni. „Mig langaði að læra gera fallegar kökur fyrir kynjaveislur og afmælisveislur framtíðarinnar eins og mamma gerði alltaf." En Karolína sagði sama hvernig afmæliskökur hún hafi beðið um, mamma hennar hafi alltaf orðið við óskinni. „Ég bað meira að segja einu sinni um Silvíu Nótt köku og mamma gerði hana bara," segir hún









brosandi.
En ekki nóg með að Karolína hafi farið að æfa sig í kökuskreytingum, þá fór hún líka að gera sínar eigin uppskriftir. Hún segir að oft á tíðum hafi uppskriftirnar ekki alveg verið að gera sig, þannig hún fékk sér krassbók og fór að fínpússa og búa til sínar eigin uppskriftir. En mottó kaffihússins er, „bragðið skiptir mestu máli!“
Karolína segir þær mæðgur vera mjög stoltar af því að eiga sínar eigin uppskriftir og að þeim þyki mjög vænt um þær.

Opnuðu í miðjum faraldri
Sykurverk opnaði þann 16. maí í fyrra en ætlunin var að opna fyrr en vegna kórónuveirufaraldursins þurftu þær að seinka opnun. „Við skrifuðum undir leigusamninginn og tveimur dögum síðar greindist fyrsta kórónuveirusmitið á Íslandi.“ Þrátt fyrir þá hindrun segir Karolína að það hafi gengið mjög vel hjá þeim og viðtökurnar verið frábærar. „Við höfum fengið ótrúlega góðar undirtektir og margir glaðir yfir að kominn sé staður á Akyreyri sem bjóði upp á svona skemmtilegar afmæliskökur, en tveggja, þriggja hæða kökur hafa ekki verið í sölu hér svo ég viti.“ En Sykurverk heldur úti vefsíðunni sykurverk.is, þar sem hægt er að panta ýmsar veitingar fyrir veisluna og bjóða þær upp á sérpantanir þar sem reynt er að koma til móts við allar óskir um skreytingu og útlit veitinganna.

„Ekkert sem fer úrskeiðis þar“
Aðspurð hvað sé vinsælast á kaffihúsin, stendur ekki á svörum. „Coockie dough kakan okkar slær alltaf í gegn og svo beikonstykkin, þau hafa verið rosalega vinsæl. Það er brauð fyllt með beikoni og osti, ekkert sem fer úrskeiðis þar.“
Þá eru þær mæðgur duglegar að prufa sig áfram með nýjar uppskriftir, en á Sykuverki er alltaf kaka vikunnar sem er breytileg og má með sanni segja að boðið hafi verið upp á fjölbreyttar bragðtegundir, en má þar nefna Skitles, Lucky Charms, hindberja, banana og Turkish Pepper.

Eitthvað fyrir alla
Það er óhætt að mæla með Sykurverki fyrir barnafólk en bæði er staðurinn ævintýralega fallegur, enda markmiðið að láta hann líta út eins og „candy land“, að sögn Karolínu, þá eru einnig leikföng á staðnum og sömuleiðis veitingar í barnastærðum. „Mamma vann í mörg ár sem dagmamma og ég er með þrjú lítil börn, þannig barnatengingin er rík og fannst okkur nauðsynlegt að hafa staðinn barnvænan.“
Hún segir það sömuleiðis vera leiðinlegt að fara á kaffihús og þurfa borga kannski 1000 krónur fyrir kökusneið sem barnið borðar síðan ekki nema helminginn af. „Þannig okkur fannst nauðsynlegt að hafa eitthvað svona lítið fyrir börnin.“
Sykurverk gætir þess svo sannarlega að hafa eitthvað fyrir alla aldurshópa, en frá klukkan fimm til átta, alla daga er „happy hour“. „Hér er góður staður til að hittast í bleikar búbblur og makkarónur,“ segir Karolína að lokum glöð í bragði enda að lifa drauminn sinn, að fá borgað fyrir það sem hún elskar að gera, baka.



Pólar Hestar

draumur og dýrðlegheit í hreinu sveitalofti



Pólar Hestar er fjölskyldufyrirtæki á Grýtubakka við Eyjafjörð, rekið af hjónunum Stebba, Júllu og syni þeirra Símoni. Þar er boðið upp á bæði stuttar og langar hestaferðir sem henta allri fjölskyldunni.

Á Grýtubakka er ekki einungis að finna hesta, heldur einnig kindur, hænur, hunda, ketti og kanínur. Þar má líka finna kaffihús, en kaffið rennur ljúft niður í fallegri náttúrunni. Dásamlegt útsýnið lætur mann finna fyrir smæð sinni þar sem fjallgarðurinn umlykur og minnir helst á ævintýramynd úr sjónvarpi.

Símon mun hér eftir vera kallaður ljúflingurinn, því ljúfari manneskju hef ég ekki hitt. Hann er þolinmóður þegar hann kennir fólki hvernig skuli sitja hest og svo skín samkenndin úr öllu hans fasi þegar hann verður var við ótta hjá einhverju okkar. Þá má heyra hann segja með sinni blíðu rödd „engar áhyggjur“ og „ég er hérna ef þig vantar eitthvað“.



Símon býr í Reykjavík og lærir rússnesku. Hann segist vera heppinn að fá það besta af báðum stöðum; skemmtunina af því að búa í höfuðborginni og gleðina við vinnuna að taka á móti ferðafólki í ferðaþjónustunni heima hjá Pólar Hestum

Það er greinileg nánd sem finnst vel í öllu sem fjölskyldan gerir. Þau eru fyrst og fremst þau sjálf og elska að njóta þeirra forréttinda að fá að leyfa okkur að taka þátt í þeirra ástríðu.

Sjálf fékk ég á dögunum að njóta þess í eigin persónu að fara með þeim í reiðtúr og í kjölfarið bókaði ég þriggja daga ferð fyrir stórfjölskylduna eftir þessa mögnuðu upplifun.

Vill hvergi annarsstaðar vera

Stebbi flutti með foreldrum sínum þegar hann var sex ára pjakkur að Grýtubakka 2, þar sem hann býr enn og lýsir því sem algjöru ævintýri. Hann segist hvergi annarstaðar vilja vera. Hér ól hann upp son sinn, hann þekkir hverja þúfu og hvern hól. „Hér er heima og hvergi annarstaðar."
Hann og Júlla sýna þess merki að ástin minnkar ekki með árunum, heldur bara eykst. Þau eru stolt af því sem þau hafa byggt upp saman og það glyttir í stríðni á milli þeirra eins og þau séu nýbyrjuð saman og með fiðrildin í maganum.

Þau hjónin taka vel á móti þeim sem heimsækja þau og þau eru svo sannarlega höfðingjar heim að sækja. Eftir skemmtilega reiðtúrinn okkar komum við inn í hús og þar beið okkar rjúkandi kaffi og heimagerðar kökur. Hér er metnaður lagður í allt og allt gert af natni og nákvæmni.
Pólarhestar er staður sem allir verða að heimsækja allavega einu sinni á ári, því hér er eitthvað fyrir alla og vinalegt viðmótið lætur manni líða eins og maður sé í sinni heimasveit.



VEFSÍÐA PÓLARHESTA

Hótel Kjarnalundur
falin perla á Akureyri



Á köldu sumarkvöldi runnu tveir þreyttir ferðalangar; ljósmyndari og blaðamaður, í hlað Hótel Kjarnalundar. Tekið var á móti okkur af einskærri hlýju, en fyrir innan sat Guddi með bros á vör og fræddi hann okkur um sögu byggingarinnar. Hótelið rekur hann ásamt systur sinni, Hildi og föður þeirra, Magnúsi.

Eftir klukkutíma spjall og gott kaffi var okkur vísað til herbergjanna sem eru notaleg og hljóðlát, með rúmgóðu baðherbergi. Við vorum afar þreytt og lögðumst til hvílu og þá gerðist það. Ég svaf yfir mig! Ég snúsaði vekjaraklukkuna þangað til að ég þurfti að þeytast af stað til að fara í tökur á þættinum um Akureyri. Með úfið hár mætti ég í morgunmatinn sem var dásamlegur og kaffið góða. Við lögðum svo í hann í tökur sem stóðu yfir í 16 tíma. Eftir þær fórum við á hótelið, sem við vorum farin að kalla heima, því það var svo notalegt. Um leið og við erum komin inn mætir okkur hún Hildur með sinn dillandi hlátur og frábæra skopskyn og býður okkur á rúntinn á Fordinum sínum sem er frá 1975. Inn var hoppað og það var eins og að stíga til fortíðar með örlítilli bensínlykt, en innsogið var fært fram og til baka til að halda bílnum í gangi.



Hún sýnir okkur einn af bústöðunum sem pabbi þeirra byggði með þeim. Hann minnti helst á höll alveg við Kjarnaskóg. Úti voru kanínur að sniglast og hestar við girðinguna og það eina sem ég gat hugsað var: Ef ég væri barn þá ætti ég milljón leynistaði og bú allt í kringum bústaðinn.
Svo kom ákvörðunin! Hér skyldi ég gista með litla kútinn minn og manninn og farið skyldi í öll þessi ævintýri sem ég sá fyrir mér og nesti borðað á teppi í rjóðri sem bara við vissum af.

Þetta er allt gert af fjölskyldunni, fyrir fjölskyldur og staðsetningin virkar hvort heldur fyrir rómantík eða fjölskylduferð. Það eru pottar með rjóðri allt um kring og sána með innrauðu ljósi en fyrir framan hana er leikjatölva, svo barninu leiðist ekki meðan foreldrarnir detoxa sig.

Þegar ég hitti fjölskylduföðurinn hann Magnús þá skyldi ég af hverju þetta er svona hjá þeim, hann er bara einn stór pabbi og stoltið skín í gegnum stríðnina.

Hann er týpan sem gerir hlutina með börnum sínum frekar en fyrir þau, svo að draumar þeirra þeirra geti ræst! Hann byggði sinn rekstur með sínum föður og það var það sama uppi á pallborðinu þar; allt byggt upp saman.

Það er ást í öllu sem þú sérð á hótelinu og bústöðunum. Upplifunin á að vera „heima" fyrir þann sem gistir hjá þeim. Hver einasti hlutur á sér stað og sögu; peningaskápur úr norska sendiráðinu, tré frá afa af trésmíðaverkstæðinu, útsaumur frá ömmu, handgerðir hlutir frá starfsfólkinu, vintage sófasett sem minna á austurríska skíðaskála og svo frægu tómatplönturnar sem eru miðja húmorsins alla daga.

Það verður engin svikinn af því að gista hjá Magnúsi, Hildi og Gudda í miðri paradís.



EKKI LÁTA BITVARGINN ERGJA ÞIG Í SUMAR!



Braggaparkið

Alltaf gott veður inni!



„Draumur brettakappans Eiríks Helgasonar um innanhússaðstöðu fyrir hjólabretti, línuskauta, hlaupahjól og BMX-hjól varð að „veruleika 25. maí árið 2020, þegar Braggaparkið var formlega opnað á Akureyri, en „þessi hugmynd var búin að vera mér lengi hugleikin," segir Eiríkur og bætið við að „árið 2019 fann ég loksins hentugt húsnæði í gömlu bröggunum við Laufásgötu, sem áður hýstu stálsmiðju til margra ára."

Ekki leið á löngu þar til Eiríkur - og félagar hans - hófu að hanna aðstöðuna og ári síðar „hófst smíðavinna á fyrri helmingi verkefnisins og var sá hluti opnaður í maí.

Seinni hlutinn var opnaður í janúar á þessu ári okkur öllum til mikillar gleði og ánægju," segir stoltur Eiríkur og bætir við:

„Þegar maður á sér draum, eða að hugmynd kviknar í kollinum, er ekki svo auðvelt – sem betur fer – að ýta burtu frá sér draumnum og hugmyndinni."

Eiríkur segir að Braggaparkinu hafi verið „afar vel og við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá fólki, ekki bara hérna á Akureyri, heldur bara frá fólki allsstaðar á Íslandi og þá hafa ferðamenn – íslenskir og erlendir - líka lýst yfir ánægju með framtakið og staðinn."

Mannlíf hvetur fólk eindregið til þess að kíkja í heimsókn til Eiríks og félaga í Baraggaparkinu; það verður enginn svikinn af þeirri heimsókn.



Þess má geta að opnunartími er sem hér segir:
Mánudag til föstudags frá 14.00 - 19.00 og laugardag og sunnudag frá 12.00 - 19.00
Eiríkur nefnir að „dagskort og fleira er selt á staðnum og til að mynda kostar 1 dagur 1.000 kr. Og 10 daga klippikort 8.000 kr., og leyfilegt er að fara og koma aftur, en það virkar eingöngu á milli kl. 12-19."
Þá nefnir hann að mánaðarkort kosti fyrir fullorðna 10.000 kr. Og fyrir börn 8.000 kr. – og hálfsárskort fyrir fullorðinn 30.000 kr., en fyrir barn 20.000 kr.
„Svo eru árskort fyrir fullorðna 50.000 kr. En fyrir börn 35.000 kr. Fullorðinskortin (16+) virka allan sólarhringinn alla daga en barnakortin virka eingöngu milli kl. 12-19 alla daga."

Eiríkur vill að lokum „benda á að það er enginn posi á staðnum en hægt er að greiða með pening, millifæra eða greiða með Aur."

BROS ER FAÐMLAG



Hvað getur
brosið þitt gert?

Modus mótar tískuna

„Heimaslysin voru mörg eftir Covid“



Hermanni Óla Bachmann er margt til lista lagt. Hann á hárgreiðslustofuna Modus sem er leiðandi í íslenskri hártísku, selur hárvörur og á heildsölu. Hann og er líka nýbakaður pabbi og sér fram á dásamlegt sumar og haust. „Það er brjálað að gera, bæði á Reykjavíkurstofunni og ekki síður á stofunni okkar á Akureyri. Við opnuðum þar fyrir fjórum eða fimm árum og erum mjög ánægð að vera á Akureyr, yndislegur bær, og við erum mjög ánægð þar.

Hermann flakkar á milli stofanna í Reykjavík og segir alltaf gaman að fara norður og fara aðeins í annan gír. „Það er töluverður kúltúrmunur á Akureyri og Reykjavík og ég tók sérstaklega eftir því þegar ég fór að fara í labbitúra um bæinn. Konurnar á Akureyri eru almennt með styttra hár og þær kaupa meira af mótunarvörum en konurnar í Reykjavík. Þær fyrirsunnan eru aftur á móti frekar með síðara hár og versla meira af næringarvörum.

Ég þarf alltaf að skipta aðeins um gír þegar ég fer norður því konurnar þar fylgjast mjög vel með nýjungum í styttra hári og eru duglegar að prófa sig áfram. Það er það sem er svo skemmtilegt við að koma norður að klippa.

Hvað er í tísku núna og hverju megum við eiga von á? Núna eru mikið að koma inn toppar sem eru stuttir í miðjunni en lengjast svo í hliðunum. Það er svo skemmtilegt, að nær vetrinum kemur nærtís útlitið meira inn, þessir lokkar í hliðunum sem stelpurnar geta skilið eftir þegar þær eru að gera sig fínar og taka hárið upp.

Hvað litin varðar segir Hermann mildu litina koma sterka inn eftir köldu tónana í sumar. „Þessir ísköldu lítir munu hlýna og brúnu litirnir, sem voru kaldir, verða miklu hlýrri með vetrinum, Við þurfum að mýkja okkur upp í vetrarbirtunni. Hann segir tískusíddina halda áfram að vera við viðbeinið og þar rétt fyrir neðan.

‚Strákarnir verða áfram mjög stuttir að ofan, og á eiga eftir að styttast jafnvel meira. Króltoppurinn sem var í tísku er að hverfa núna og núna er toppurinn að lyftast upp. Það er eðli strákatískunnar að styttist þar til að það er ekki hægt að stytta meira og þá byrja þeir að safna og hárið verður í síðari kantinum.

Aðspurður um hraða tískubreytinga segir Hermann það fylgja vexti hársins. „Tískan er hringur, sérstaklega í síddinni, sumir strákar eru með hermannaklippingu sem endar mjög stutt og við megum vona á að sjá þá fá söfnunaráráttu í vetur þeir verða komnir með lubba um jólin. Reyndar er strákatískan er rólegri, þeir láta líða lengur á milli breytinga.

Hermann og allt hans fólk er afar duglegt að fylgjast með öllum því nýjasta á sviði hártísku. Hvaðan kemur innblásturinn? „Þetta er sambland af svo mörgu, við fylgjumst með tískutímaritunum, þau stóru á við Vouge er alltaf á undan og ég er farin að þekkja það að það sem kemur út í nýjasta Vouge er það sem verður byrjað að spyrja um sirka 10 dögum síðar. Síðan erum við auðvitað á netinu og svo eru stóru merkin hver með sína línu þótt þau fylgist að mörgu leiti að.

Eins og aðrir þurfti Modus að loka í Covid og segir Hermann allt hafa sprungið þegar Stofan loksins opnaðist. „Ég fékk skilaboð um að fá greitt miklu meira en eðlilegt gæti talist til að komast fremstí röðina," segir Hermann og hlær. „Svo voru það heimaslysin, ein var í svo mikilli neyð að ég bjó til blöndu sem ég lét hana fá út um gluggann. Það var gríðarlega mikið um lagfæringar þegar við opnðum aftur. Það þurfti oft langan tíma í að laga verstu slysin, sem bar bara gaman því þá gafst meiri tíma í að kjafta og tuða sem er svo óskaplega skemmtilegur partur af starfinu.

Hermanni hefur langað að starfa við hárgreiðslu frá því hann man eftir sér. „Ég man eftir að amma setti alltaf rúllur í sig og ég fylgdist alveg heillaður með þegar hún var að taka þær úr sér og túbera sig. Þá vissi ég hvað ég vildi gera það sem eftir væri.

Hann segir eitt það skemmtilegasta við starfið að tala við viðskiptavinina. „Þeir segja manni svo margt yndislegt en það erfiðasta er þegar maður getur ekki hjálpað þótt manni langi svo innilega til þess. „Það kom til mín kona sem aldrei hafði komið áður og ég fann að það lá eitthvað á henni sem hún fékk sig ekki til að tala um. Ég leyfði henni að ráða ferðinni og nálgaðist hana rólega þar til í ljós kom að hún hafði misst dóttur sína mánuði áður. Ég faðmaði hana að mér en í lok dags sat ég grátandi út í bíl. Þetta eru erfiðu dagarnir í starfinu".

Herman er bráðungur maður sem hefur byggt um hárgreiðslustofur, smásöluverslun og heildsölu. Hver er lykillinn? „Maður verður að vera duglegur og vinnusamur. Og ef einhver segir nei við þig labbarðu að næsta manni og spyrð aftur. Og aftur ef það þarf. Ég hef lært það í lífinu," segir tískumógúllinn Hermann Óli.







Sportver er með allt fyrir útiveruna

„Hreyfing er nærandi fyrir sálina“



„Við hjónin rekum þrjár verslanir á Akureyri og er Sportver þeirra elst og höfum við rekið hana frá árinu 1995,“ segir Linda Tulinius sem er fædd og uppalin á Akureyri en Egill maður hennar er fæddur í Reykjavík en hefur búið alfarið á Akureyri frá árinu 1995.

Reiðhjól, skíði og fleira

„Ásamt Sportver eigum ið Sport24 á Akureyri sem er staðsett í göngugötunni – en sú nýjasta er Verslunin Útisport sem er að mestum hluta „Hardwear“ verslun sem selur reiðhjól, skíði og vörur tengdar því sporti,“ segir Berglind .

-

„Útisport er með mjög vönduð reiðhjól frá Cube og Giant – en Giant er stærsti reiðhjólaframleiðandi í heimi, og er Útisport umboðsaðili fyrir það merki á Íslandi.

Það er því ljóst að Linda og maður hennar, Egill Einarsson, hafa í mörgu að snúast og þannig vilja þau líka hafa það.

Eitthvað fyrir alla

„Í Sportver og Sport24 er að finna mjög mikið úrval af góðum og mjög vönduðum vörum frá öllum helstu íþróttamerkjunum og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hjá okkur, hvort sem það er fyrir útivist, ræktina eða bara á götuna,“ segir Linda.

„Inni í Sportver er svo sérstæð skóbúð, þar sem finna má merki eins og til dæmis Jo-dis, Vagabornd, Sixmix og Vans ásamt öllum helstu íþróttaskómerkjunum.





Hjartað í fyrirtækinu

Það er því augljóst að hjónin Linda og Egill bjóða upp á fjölmargar frábærar vörur. En hvernig skyldi rekstur þeirra á Akureyri ganga?

„Til að svona rekstur gangi vel þurfum við aðstoð og erum við svo heppin að hafa í okkar röðum frábært starfsfólk sem leggur metnað í að vinna vel og veita góða þjónustu. Með öllu þessu frábæra starfsfólki okkar má segja að með því slái hjartað í fyrirtækinu."

Linda segir að heimsfaraldurinn hafi gert það að verkum að útivist og hreyfing séu ofarlega í huga fólks en faraldurinn hafi líka ýtt undir þörfina á vefverslun. „Við erum að vinna að vandaðri og flottri vefverslun sem mun sameina allar okkar verslanir; Sportver – Sport24 og Útisport."

Hún bætir við að eins og allir viti sé útivera og hreyfing afar nærandi fyrir sál og líkama . „Í þeim efnum bjóðum við upp á nánast allt sem fólk þarf á að halda til að stunda útiveru og hreyfingu."

Hjólreiðar helsta áhugamálið

En hver skyldu vera helstu áhugamál þeirra hjóna, Lindu og Einars?

„Áhugamál númer eitt eru hjólreiðar; bæði götuhjólreiðar og fjallahjólreiðar sem og ferðalög. Við tvinnum þetta gjarnan saman; hjólreiðar og ferðalög."

Linda segir að það hafi ýmislegt breyst í hjólreiðum síðan þau byrjuðum í bransanum. „Áður en við keyptum Sportver var Egill verslunarstjóri í reiðhjólaversluninni Örninn og vann þar í átta ár og það var í rauninni sá vett-vangur sem dró okkur norður til að kaupa Sportver.

Á þeim tíma voru þetta aðallega krakkar og unglingar sem keyptu hjól en í dag hefur þetta alveg snúist við og það eru langmest fullorðnir sem kaupa sér hjól og rafmagnshjólin eru núna í algjörum algleymingi."

Akureyri er fallegasti bær í heimi

Og þeim Lindu og Agli þykir einfaldlega Akureyri fallegasti bær í heimi og hvergi betra að búa en á Eyjafjarðarsvæðinu."

Varðandi framtíðina segir Linda: „Ég sé fyrir mér að í framtíðinni vaxi Akureyri yfir fjörðinn og þar verði svona „Mosó" okkar Akureyringa – þar sem hægt verður að horfa yfir fallegu Akureyri – „Bæinn í skóginum."



Sundlaug Akureyrar

Eitthvað fyrir alla fjölskylduna



Fátt er meira hressandi eða afslappaðra en heimsókn í Sundlaug Akureyrar, og mælir Mannlíf óhikað með heimsókn eða heimsóknum þangað; enda er sundlaugin rómuð fyrir flotta aðstöðu og vingjarnlegt andrúmsloft, og þar geta börnin buslað á fullu á meðan mamma og pabbi slappa af heita pottinum og njóta dagsins í botn; í því fallega umhverfi sem Akureyri óneitanlega er í.

Ekki þarf nema eina heimsókn í þessa margrómuðu og landsfrægu sundlaug á Akureyri til að uppgötva að hún hefur upp á að bjóða eitthvað fyrir alla fjölskylduna. Á svæðinu er að finna tvær 25 metra laugar, þrjár nýjar rennibrautir og lengstu rennibrautina á Íslandi; fjóra heita potta, vaðlaug, innilaug og eimbað. Í sundlaug Akureyrar er einnig boðið uppá kaldan pott og lyfta er fyrir hjólastóla að innipottum og eldra sundlaugarkarinu.

Eins og áður sagði nýtur Sundlaug Akureyrar mikilla vinsælda nýtur mikilla vinsælda hjá heimamönnum og ferðamönnum enda er sundsvæðið allt hið glæsilegasta og þjónusta starfsfólk alveg upp á tíu.

Afgreiðslutími laugarinnar – sumaropnun - er frá 5. júní til 24. ágúst, mánudaga til föstudaga: á milli 06:45 – 21:00, og laugardaga frá 08:00 – 21:00, en á sunnudögum er laugin opin á milli 08:00 – 19:30.



Halldór var ungur er hann missti föður sinn

segir gaman að geta tekið við rekstri hans



„Hann stofnaði fyrirtækið í kringum 1950, hann var úrsmiður og rak viðgerðarverkstæði og verslun til 1984, þá deyr hann frekar ungur.“

Verslunin Halldór Ólafsson úr og skart er staðsett á Glerártorgi á Akureyri. Verslunin hefur verið starfrækt í rúm sjötíu ár og má með sanni segja að hún hafi stækkað og dafnað með árunum. Árið 2000 fluttist verslun Halldórs Ólafssonar úr Hafnarstræti 83 þar sem hún hafði verið frá stofnun í litlu notalegu húsnæði, norður á Glerártorg. Á Glerártorgi hefur verslunin í tvígang stækkað við sig og er óhætt að fullyrða að hún sé orðin ein af stærstu og glæsilegustu úra- og skartgripaverslunum landsins. Bæði flytur verslunin inn skartgripi, ásamt því að vera með ótal vörumerki og eru íslenskir hönnuðir þar áberandi.

Ákvað að prufa úrsmíði

Halldór Halldórsson tók við rekstri föður síns, Halldórs Ólafssonar, eftir að hafa lokið úrsmiðsnámi árið 1989. Halldór var í framhaldsskóla þegar faðir hans féll frá og segist hann hafa ákveðið að stúdentsprófi loknu að prufa nám í úrsmíði og sjá hvernig honum líkaði. „Ég er enn að þannig að mér hefur líklegast líkað þetta ágætlega,“ segir Halldór og brosir.

Halldór segir að í byrjun hafi þetta eingöngu verið úraverslun, en nú séu þau komin með ansi mörg vörumerki og mikið úrval af skarti ásamt úrunum.





Mikið úrval af glæsilegum skarti

„Við byrjuðum að vera með skart árið 2002, þá vorum við langmest með innflutt skart. Síðan var svolítið gaman af því í hruninu, þá fannst mér verða vakning hjá öllum að velja íslenskt, segir Halldór og heldur áfram. „Og það held ég að hafi verið sprauta fyrir íslenska skartframleiðendur og gullsmiði að koma þá með sínar eigin línur."

Meðal íslenskra vörumerkja sem fást hjá Halldóri má nefna Sif Jakobs, Sign, Jens, Vera Design og By Lovisa.

„Alltaf einhver úr að gera við"

Aðspurður hvort alltaf sé nóg að gera á úraverkstæðinu svarar Halldór því til að svo sé. „Já það eru alltaf einhver úr að gera við," segir hann, snjallúrin hafi þó sett strik í reikninginn. „Hérna í gamla daga voru menn kannski að gera meira við úr. Þau voru þá hlutfallslega mikið dýrari en í dag og því frekar gert við þau. Sumir skilja ekkert hvað úrsmiðir eru þá að gera, en það sem gerðist var að fólk á orðið svo mörg úr, þannig það er svo mikið af úrum í gangi og allskonar þjónusta í kringum þau," segir Halldór og bætir við að alltaf borgi sig að halda við góðum úrum. „Menn tengjast líka oft tilfinningalega þeim hlutum sem þeir bera á sér og vilja halda í."

Fjölskyldufyrirtæki

Halldór segir það vissulega hafa verið gaman að geta tekið við fyrirtæki föður síns.

„Ég fór oft til hans þegar maður var búinn í unglingavinnunni hérna í gamla daga og fór að læra af honum, gerði við vekjaraklukkur til að byrja með, svo stofuklukkur," segir hann og brosir við minningunni. „Það er leiðin að ansi mörgu held ég að kíkja á verkstæðið með pabba sínum. Eins og Íslendingar þekkja þá er vinnutíminn ansi stór hluti dagsins, þannig að það getur nú verið ansi gaman að umgangast foreldra sína þar."

Sjálfur á Halldór tvo syni, gerir hann ráð fyrir því að þeir taki við rekstrinum þegar hann láti af störfum?
„Ég er nú ekki viss um það, þeir eru nú ekki á sömu braut og pabbi þeirra," segir Halldór kíminn á svip. „Strákarnir mínir báðir hafa verið hérna talsvert, þannig þeir eru svo sem aðeins búnir að fá smjörþefinn af þessu og annar þeirra hefur mikinn áhuga á þessu, þannig að við skulum bara sjá til. Best að ákveða ekkert, maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér," segir Halldór brosandi að lokum.





Tilvalin með í ferðalög sumarsins!

KAUPA HÉR

Dressmann dressar alla herra upp í vinalegu umhverfi

Gæðafatnaður á góðu verði



Glæsileg Dressmann-verslun er á Glerártorgi á Akureyri þar sem er úrval af gæðafatnaði á góðu verði. Þar fæst fatnaður allt frá „extra small“ og upp í „3XL“. Í sumar er þar mjög gott úrval af léttari fatnaði – bjartari litir og fatnaður meðal annars úr bómull og hör. Svo hefst sumarútsalan í júlí.

Dressman um allan heim

Fyrsta Dressmann-verslunin á Íslandi var opnuð árið 1996 í Reykavík en verslanir norsku verslunarkeðjunnar, sem var stofnuð árið 1967, er að finna víða um heim. Dressmann-verslun var síðan opnuð á Glerártorgi á Akureyri þegar verslunarmiðstöðin var opnuð árið 2000. Reksturinn gekk svo vel að eftir það var verslunin á Glerártorgi stækkuð til muna.

Það gera allir góð kaup í Dressman.

„Það hefur verið mikið að gera frá upphafi,“ segir Hákon Arnar Sigurðsson verslunarstjóri. „Það eru ekki svo margar herrafataverslanir fyrir norðan og þess vegna ekki úr miklu að velja þannig að fyrir utan Akureyringa er mikið um að fólk úr nærliggjandi sveitarfélögum komi til að versla.“

Þjónusta fyrir flesta herra

Í Dressmann er lögð áhersla á gæðafatnað á góðu verði.

„Við erum með mikið af sígildum fatnaði þannig að þetta er kannski ekki mikið þessi tíska sem kemur og fer en þetta breytist samt svolítið eftir árstíðum. Það er boðið upp á fatnað sem hentar flestum herrum.“



Strákarnir vildu dressa sig upp í ferðinni og voru á rétta staðnum.
Flestir herrar ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hvað varðar stærðir en í versluninni fæst fatnaður í stærðinni „small“, auk þess sem þar fást einstaka spariskyrtur í „extra small“, og svo fást þar flíkur allt upp í „3XL“. „Það er mikið spurt um stærri stærðir og við erum með eina Dressmann-verslun í Kópavogi sem er með stærri stærðir og við reynum eins og við getum að panta að sunnan og bendum líka fólki á hvernig það geti pantað sjálft.“

Léttari flíkur yfir sumarið

Gott úrval af léttari fatnaði fæst nú yfir sumarið. „Það eru bjartari litir, meira út í blómamynstur og hvað varðar efni þá fáum við mikið af léttari bómullarflíkum og flíkum úr hör hvort sem það eru buxur, stuttbuxur eða skyrtur. Hör er léttara efni en bómullin og er því mjög hentugt fyrir sumarið.“

Hvað með sumarskyrtur í björtum litum? „Íslenskir karlar vilja blátt og grátt og svo hvítt og svart en sérstaklega yfir sumartímann þá versla þeir bjartari og skemmtilega liti, jafnvel bleikan eða appelsínugulan.“

Gott úrval fylgihluta fæst í Dressmann og má þar nefna belti, klúta, bindi, sokka og nærbuxur.

Áhersla á vinalegt andrúmsloft

Hvað er fram undan? „Sumarútsalan byrjar í byrjun júlí. Svo förum við að fá haustvörur í ágúst. Og svo auðvitað höldum við áfram að bjóða upp á góða þjónustu og gott verð.“

Allir herrar finna eitthvað við sitt hæfi í Dressman.
Burtséð frá góðri vöru á viðráðanlegu verði segir Hákon Arnar einmitt að í versluninni sé lögð áhersla á vinalegt andrúmsloft. „Við reynum að taka okkur hæfilega alvarlega. Viðskiptavinirnir eru númer eitt, tvö og þrjú þannig að við reynum að mæta þörfum allra, leysa það sem þarf að leysa og vinna með það sem viðskiptavinurinn vill.“





Listasafn Akureyrar

í sjálfu Listagilinu



Lista- og menningarlíf á Akureyri blómstrar nú sem aldrei fyrr. Bærinn sjálfur og nágrenni hans eru í raun og veru eitt stórt listaverk, en vilji fólk heimsækja „aðeins“ minna listasafn þá er klárlega hægt að mæla með heimsókn í Listasafnið á Akureyri.

Listasafnið leggur ríka áherslu á að virkja sem flesta til þátttöku; fræða almenning um sjónlistir og efla umræðu um samfélagið, menningu og listir þar sem safnkennsla og fyrirlestrahald skipar stóran sess. Einnig er lögð mikil áhersla á samstarf við erlenda aðila, ekki hvað síst á Norðurlöndum.

Safnið leitast við að setja upp árlega nokkrar metnaðarfullar sýningar til að efla menningarlíf bæjarins, auka við þekkingu, áhuga og efla skilning á sjónlistum.

Listasafnið á Akureyri er yngsta listasafnið á Íslandi, en hugmyndin að stofnun þess kom upphaflega frá Jónasi Jónssyni frá Hriflu, í blaðagrein sem hann skrifaði árið 1960. En þó liðu Þrír áratugir frá áðurnefndri blaðagrein Jónasar uns hugmyndin um Listasafnið á Akureyri komst aftur í umræðuna; varð hún loksins að veruleika á afmælisdegi Akureyrarbæjar þann 29. ágúst árið 1993, bæjarbúum og bara öllum Íslendingum og útlendingum sem koma hér sem ferðamenn til mikillar gleði og ánægju.

Listasafnið á Akureyri er til húsa þar sem áður var Mjólkursamlag KEA, en byggingin er undir sterkum áhrifum frá Bauhaus-skólanum og hinni alþjóðlegu funkis-hreyfingu; safnið á Akureyri er miðpunktur og sameiningartákn þessarar Listamiðstöðvar sem er í Grófargili.

Fyrir þremur árum síðan var safnið stækkað og gerðar á því gagngerar endurbætur Sýningarsölum var fjölgað og aðgengi bætt til muna. Húsnæði safnsins er hið glæsilegasta og aðstaðan eins og best verður á kosið. Mannlíf mælir eindregið með því að allir áhugamenn um listir og menningu heimsæki safnið, en um opnunartíma þess og aðrar upplýsingar er að finna hér: Opnunartímar: Maí - september: Opið alla daga kl. 10-17 og svo frá október – apríl er opið alla daga kl. 12-17. Aðgangseyrir er afar vægur, 1.900 krónur, en fyrir eldri borgara og námsmenn kostar aðgangurinn aðeins 650 krónur.

Þá býðst gestum Listasafnsins að kaupa árskort á mjög hagstæðu verði - eða á aðeins 4.000 krónur og með kortinu getur fólk heimsótt safnið eins oft og það lystir í heilt ár frá og með kaupdegi. Árskortið er til sölu í anddyri Listasafnsins á opnunartíma. Þá má því við bæta að ókeypis er fyrir 18 ára og yngri, öryrkja, nemendur, félagsmenn í ICOM, Físos, SÍM, Gilfélaginu og Myndlistarfélaginu.

Mannlíf hvetur alla listunnendur að heimsækja safnið og gefa sér góðan tíma því það er svo sannarlega þess virði.



EKKERT FRÍ ÁN BÓKA!













Náðu þér í kilju fyrir fríið á forlagid.is og á Fiskislóð 39

Endalaust úrval!

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | **www.forlagid.is**

Syngjum saman í sumar

...og gutlum á gítar

Það er ekkert skemmtilegra en góð útilega með vinum og fjölskyldu þar sem gítarinn er tekinn upp og allir tralla saman.

Hér eru nokkrar uppástungur af lögum sem allir þekkja, ungir sem aldnir.



Fjöllin hafa vakað
– Egó

```
Tónholt Intro Em C B 1.e|-----------------------------------------------------|
2.B|-----------------------------------------------------|
3.G|-----------------------------------------------------|
4.D|-----------------------------------------------------| X 4
5.A|-----------------------------------------------------|
6.E|-----0-0-0-0--0-0-0-0----8-8-8-8----7-7-7-7----------| Erindi Em C B
1.e|-----------------------------------------------------|
2.B|-----------------------------------------------------|
3.G|-----------------------------------------------------|
4.D|-----------------------------------------------------| X3
5.A|-----------------------------------------------------|
6.E|-----0-0-0-0--0-0-0-0----8-8-8-8----7-7-7-7----------| Am C
1.e|-----------------------------------------------------|
2.B|-----------------------------------------------------|
3.G|-----------------------------------------------------|
4.D|-----------------------------------------------------|
5.A|-----------------------------------------------------|
6.E|--5-5-5-5--5-5-5-7----8-8-8-8--8-8-8-8----------------| D D#
1.e|-----------------------------------------------------|
2.B|-----------------------------------------------------|
3.G|-----------------------------------------------------|
4.D|-----------------------------------------------------|
5.A|-----------------------------------------------------|
6.E|--10-10-10-10--10-10-10-10----11-11-11-11--11-11-11-11--| E C B
```

Fjöllin hafa vakað, í þúsund ár.
E C B Ef þú rýnir inn í bergið, sérðu glitra tár.
E C B Orð þín kristal tær drógu mig nær og nær.
Am C D D# Ég reyndi að kalla á ástina, sem úr dvala reis í gær.
Þú sagðir mér frá skrítnu landi, fyrir okkur ein.
Þar yxu rósir á hvítum sandi og von um betri heim.
Ég hló, þú horfðir á, augu þín svört af þrá.
Ég teigði mig í himininn, í tunglið reyndi að ná.
Sá er talinn heimskur sem opnar sína sál.
Ef hann kann ekki að ljúga, hvað verður um hann þá.
Undir hælinn verður troðinn, líkt og laufblöðin smá.
Við hræðumst hjarta hans og augun blá.

Ég er rangur maður

Bm G
Af hverju get ég ekki,
D A
lifað eðlilegu lífi?
Bm
Af hverju get ég ekki, B moll
G
lifað bisnesslífi,
D A G dúr
keypt mér hús, bíl og íbúð.
Bm
Af hverju get ég ekki,
G
gengið menntaveginn A dúr
D A
þangað til að ég æli.
Bm
Af hverju get ég ekki,
G
gert neitt af viti,
D A
af hverju fæddist ég lúser jéééé. D dúr
Bm G
Ég er rangur maður
D
á röngum tím a
A
í vitlausu húsi jéééé...

Bm G
Af hverju er lífið svona ömurlegt,
D A
ætli það sé skárra í Simbabe.
Bm G
Af hverju var ég fullur á virkum degi,
D A
af hverju mætti ég ekki í tíma.
Bm
Af hverju get ég ekki,
G
byrjað í íþróttum
D A
og hlaupið um eins og asni
Bm
Af hverju get ég ekki,
G
verið jafn hamingjusamur
D A
og Sigga og Grétar í Stjórninni jéééé.
Bm G
Ég er rangur maður
D
á röngum tím a
A
í vitlausu húsi jéééé...

Ég er komin heim

ATH**
hægt að setja capó á 3 band og spila lagið í C þá eru hljómarnir mun viðráðanlegri.

Eb Gm Ab Bb7
Er Ebvöllur grær og Gmvetur flýr
og Abvermir sólin C7grund.
FmKem ég Abmheim og Ebhitti Cmþig,
verð Fmhjá þér Bballa Ebstund. Bb7

Við Ebbyggjum saman Gmbæ í sveit
sem Abbrosir móti C7sól.
FmÞar ungu Abmlífi Eblandið Cmmitt
mun Fmljá og Bbveita Ebskjól.

CmSól slær silfri á Gmvoga,
Absjáðu jökulinn C7loga.
FmAllt er Abmbjart fyrir Ebokkur Cmtveim,
því F7ég er kominn Bb7heim.

Að Ebferðalokum Gmfinn ég þig
sem Abmér fagnar höndum C7tveim.
FmÉg er Abmkominn Ebheim, Cm
Fmjá, ég er Bbkominn Ebheim.

CmSól slær silfri á Gmvoga,
Absjáðu jökulinn C7loga.
FmAllt er Abmbjart fyrir Ebokkur Cmtveim,
því F7ég er kominn Bb7heim.

Að Ebferðalokum Gmfinn ég þig
sem Abmér fagnar höndum C7tveim.
FmÉg er Abmkominn Ebheim, Cm
Fmjá, ég er Bbkominn Ebheim.
Fmég er kominn Ebheim.

Bílaleikir

...fyrir alla fjölskylduna



Á ferð um landið er fínt að leyfa spjaldtölvunum að fá smá hvíld og rifja upp gamla góða bílaleiki sem allir hafa gaman af.

Hvað er ég að meina?

Sá sem „er 'ann" fyrst býr til reglu, sem hann segir engum frá. Þess í stað kemur hann með fullyrðingu í þessum dúr: „Ég er að fara í útilegu og tek með mér perur en ekki kartöflur." Þá eiga allir hinir að reyna að finna út hvers vegna er í lagi að hafa með sér perur en ekki kartöflur.

Ef einum leikmanni dettur í hug að það megi bara taka með það sem vex ofanjarðar en ekki neðanjarðar, svarar hann með annarri fullyrðingu, eins og: „Ég er að fara í útilegu og ég ætla að taka með mér baunir en ekki gulrætur."
Ef þessi fullyrðing er í samræmi við regluna sem búin var til í upphafi, verður svarið: „Já, þú mátt taka með þér baunir en ekki gulrætur," ef ekki, þá verður það: „Nei, þú mátt ekki taka með þér baunir en ekki gulrætur."

Ef svarið er rangt verður reglugerðarmaðurinn að koma með annað dæmi. Ef svarið er rétt er komið að þeim sem giskaði rétt að búa til reglu.
(Lausnin var í raun að það má taka með sér ávöxt en ekki grænmeti. En það er hægt að taka margt fleira með sér en mat!)

Bílabingó

Þið þurfið að hafa pappaspjöld og penna með ykkur fyrir þennan leik.
Það er sniðugt að vera búinn að útbúa bingóspjöldin áður en lagt er af stað í ferðalagið.
Á spjaldinu eiga að vera 25 reitir sem þið skrifið tölur í. Eins og þið sjáið á myndinni.
Svo eigið þið að skoða númeraplötur bílanna sem þið mætið og krossa yfir þær tölur sem þið sjáið á þeim.

Sá sem er fyrstur að fá bingó vinnur.
Til að fá bingó þarf að fylla út alla reitina í röð sem liggur annað hvort lóðrétt, lárétt eða á ská. Eða fylla út allt spjaldið. Þið ráðið!
Sniðugt er að útbúa bingóspjaldið með penna, en nota blýant til að strika yfir, svo hægt sé að stroka strikin út og nýta spjöldin aftur og aftur.

Frúin í Hamborg

Það má ekki segja Já, Nei, Svart og Hvítt
Hér kemur dæmi:
Hvað gerðir þú við peningana sem frúin í Hamborg gaf þér?
Sv. Ég keypti mér bíl
Sp. Var hann flottur?
Sv. Mjög svo
Sp. Hefur þú átt bíl áður?
Sv. Já..... ohhhhh

Hver er ég?

Klassískur bílaleikur þar sem þú velur þér persónu. Má vera hver sem er, lifandi, dáinn eða teiknimynd.
Hver fær eitt gisk þangað til að fundið er út hvern um ræðir, og einungis má spyrjaspurninga sem hægt er að svara játandi eða neitandi.
Dæmi að góðum byrjunar spurningum:
- Ertu lifandi?
- Ertu kona?
- Ertu Íslendingur?
- Leikari?
Og svo framvegis þangað til að búið er að finna út hver persónan er.

Góða skemmtun!

Healing Iceland



Hvað er CBD

CBD hefur verið notað til heilsubótar í þúsundir ára
CBD-ið sem notað er í SPROTA-vörulínuna frá PureLab ehf.
er svokallað broad spectrum CBD og er án tetrahydrocannabinols (THC). Að öðru leiti inniheldur hún alla aðra eiginleika sem svokölluð Full Spectrum olíahefur.
CBD hefur m.a. verið sýnt fram á að hafa bólgueyðandi, slakandi, verkjastillandi og fleiri eiginleika
CBD olía er bæði notuð útvortis sem og innvortis um heim allan



CBD BODY LOTION

CBD Body lotion
200mg af CBD í 100ml flösku

7.500 kr



CBD ANDLITS KREM

CBD Andlits krem
200mg af CBD í 50ml flösku

7.500 kr



CBD SERUM

CBD Serum
400mg af CBD í 30ml flösku

7.500 kr



CBD OLÍUR

CBD Andlits krem
2.500mg af CBD í 30ml flösku

15.000 kr

Frí heimsending | www.healingiceland.is | 778 9599